




**Þorsteinn
Haraldsson**

**Afglöp
eða
spilling**



**Þorsteinn
Haraldsson**

**Afglöp
eða
spilling**

Afglöp eða spilling

Copyright © 2020 Þorsteinn Haraldsson
Öll réttindi áskilin.

Bókina má sækja endurgjaldslaust á þetta veffang
<<https://sites.google.com/view/afglop-eda-spilling/heim>>

ISBN 978-1-87-010815-7 Stafræn
ISBN 978-1-87-010816-4 Kilja
ISBN 978-1-87-010817-1 Spjaldbundin

Hönnun: Gunnlaugur SE Briem

Second Hand Press
63B Shepherd's Bush Road
London W6 7LS

**Eftir hrun og nauðasamninga hélt
fyrirtækið Stoðir hf. áfram rekstri.**

**Á hæpnum forsendum voru
skattar felldir niður af
50 milljarða söluhagnaði.**

**Undanfarin ár hafa Stoðir hf.
greitt hluthöfum sínum
37 milljarða króna arð.**

Afglöp eða spilling?

Efnisyfirlit

7	Inngangsorð
9	Ábending til fjármálaráðherra
13	Fyrirhuguð áminning
17	Svar við fyrirhugaðri áminningu
23	Fallið frá áminningu
27	Uppsögn
31	Tekjuskattsmáli Stoda lokið
35	25. fundur í efnahagsnefnd Alþingis
41	29. fundur í efnahagsnefnd Alþingis
49	Frétt og viðtal við forstjóra Stoda
59	Valdi beitt án röksemda
67	Hádegisfréttir ríkisútvarpsins
71	Rekinn fyrir heiðarleika
77	Tekist á um skattamál Stoda hf.
81	Rökstudd og málefnaleg ákvörðun ríkisskattstjóra
91	Í þágu jafnræðis
97	Ekki vera heiðarlegur

Inngangsorð

Þrettán milljarða vangreiddur skattur. Undir verndarvæng ríkisskattstjóra.

Á löggiltur endurskoðandi hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins að segja eða þegja?

Hvað bar honum að gera þegar málinu var stungið undir stól? Skyldurækni krafðist þess að því væri fylgt eftir. Þannig yrði heiðarlega unnið fyrir daglegu brauði.

Sextán skjöl sem hér fylgja stikla á stóru í viðleitni endurskoðandans. Segja raunar alla söguna. En viðbrögðin komu á óvart. Yfirmenn sem í upphafi höfðu hvatt til dáða skiptu um skoðun.

Ráðherrar svöruðu ekki bréfum. Bláðamenn létu drekkja sér í útúrsnúningum og misstu áhugann. Áminning fyrir að segja réttum aðilum frá fór í handaskolum hjá skattrannsóknarstjóra.

Þá þurfti að hagræða í skrifstofuhaldi. Skattrannsóknir þurftu ekki lengur á endurskoðanda að halda og endurskoðandinn rekinn.

Héraðsdómur féllst ekki á þöggun og ofríki. Yfirvöldin áfrýjuðu til Hæstaréttar en án árangurs.

Ólögmætu viðbrögðin kostuðu skattborgara nokkrar milljónir.

Ríkisskattstjórinn var verðlaunaður með nýju embætti. Gerðist ekki í Namibíu.

Boðskapurinn:

Ekki vera heiðarlegur. Þá verður þú rekinn.

Sú atburðarás sem hér er rakin átti sér stað á árunum 2012 til 2014. Því má spyrja hvaða erindi þessi saga eigi til fólks í dag. Er þetta ekki löngu liðið, sakir fyrndar, réttlætinu fullnægt? Fékk endurskoðandinn ekki bætur vegna ólögmætrar uppsagnar?

Sagan er sögð til að minna okkur á, hversu nauðsynlegt það er að halda vöku sinni og spyrna við. Hversu nauðsynlegt það er að starfsmenn opinberra stofnana bregðist við með viðeigandi hætti ef þeir sjá eitthvað gert sem brýtur gegn lögum. Láta undanbrögð ekki óátalin. Bregðast við hvítflibbabrotum. Við verðum vitni að því aftur og aftur að stjórnvöld bregðast ekki við, málum er skotið undan, réttlætið fær ekki framgang, blinda augað er sett fyrir kíkinn.

Fyrirtækið sem hér er til skoðunar hefur haldið áfram rekstri eftir nauðasamninga og vegnað vel. Það hefur undanfarin ár greitt u.þ.b. 37 milljarða króna í arð til hluthafa sinna, m.a. vegna þess að það frestar því að greiða tekjuskatt til samfélagsins.

Hvað sem líður spurningum um lögmæti í þessari dæmisögu þá eiga skattgreiðendur kröfu á því að skattalagabrot séu tekin föstum tókum. Brugðist sé skjótt við og undanlátssemi ekki liðin.

Ábending til fjármálaráðherra

24. maí 2012



Oddný G. Harðardóttir
Fyrirverandi
fjármálaráðherra
Engu svarað

Þorsteinn Haraldsson
Vinnustaður:
Skattrannsóknarstjóri
ríkisins
Borgartúni 7, 150 Reykjavík
Sími 550 88 23
Netfang: thh@skattur.is
Heima:
Sogavegi Melbæ, 108 R.
Sími 892 88 23

Afrit:
Jóhanna Sigurðardóttir
Forsætisráðherra
Stjórnarráðshúsinu við
Lækjartorg
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2012

Oddný G. Harðardóttir
Fjármálaráðherra
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Opinber starfsmaður lendir stundum á slóðum sem skortir vegvísa og kennileiti. Það er atvinna mín meðal annars að benda á augljós misferli. Nú bið ég þig að leiðbeina mér.

Undirritaður starfsmaður embættis skattrannsóknarstjóra vill vekja athygli á máli sem embættið lauk á árinu 2011. Um er að ræða skattrannsókn hjá Stoðum hf. (áður FL Group hf.). Skýrsla um niðurstöður rannsóknar var send ríkisskattstjóra snemma í desember 2010.

Þann 19. maí 2011 barst skattrannsóknarstjóra bréf frá ríkisskattstjóra sem telur hluta rannsóknarinnar ófullnægjandi og fer fram á að sá þáttur verði kannaður betur. Skattrannsóknarstjóri lauk viðbótarannsókn og sendi ríkisskattstjóra niðurstöðu sína 11. júlí 2011. Niðurstaðan er að Stoðir hf. hafi vangreitt skatta af söluhagnaði hlutabréfa á árinu 2006 og að söluhagnaðurinn nemi kr. 50.203.521.976 eða 50,2 milljörðum króna. Forræði málsins er í höndum ríkisskattstjóra. Eins og vænta má eru starfsmenn embættis skattrannsóknarstjóra ekki áhugalausir um afdrif þess. Á það ekki síst við um undirritaðan sem bar hita og þunga af þessum þætti rannsóknarinnar. Af einhverjum ástæðum sem ekki eru kunnar hefur ríkisskattstjóri ekki séð ástæðu til þess að senda málið áfram og Stoðum hf. reikning sinn.

Fyrir skömmu sendi ég ríkisskattstjóra bréf, og skattrannsóknarstjóra afrit, þar sem ég spurði hvar málið væri stadd. Hann svaraði mér ekki en hefur, að því er virðist, sent bréf til skattrannsóknarstjóra sem sendi bæði honum og mér eftirfarandi:

Afstaða embættis skattrannsóknarstjóra til skattlagningar nefndra tekna vegna hlutabréfaviðskipta Stoða hf. er skýr svo sem nánar kemur fram í rannsóknarskýrslu embættisins. Þrátt fyrir þá niðurstöðu er það afdráttarlaus afstaða embættis skattrannsóknarstjóra að mat á því hvort til skattlagningar þeirra tekna skuli koma, er alfarið og að öllu

leyti sjálfstæð ákvörðun embættis ríkisskattstjóra, þ. á m. að því leyti sem hún snýr að gildissviði þeirra lagaákvæða sem um ræðir. Þá er og ástæða til að taka það fram að telji embætti skattrannsóknarstjóra ástæðu til að gera athugasemdir við meðferð einstakra mála hjá ríkisskattstjóra eða við embættisfærslur hans að öðru leyti væri það á verksviði skattrannsóknarstjóra sjálfs eða eftir atvikum staðgengils hans.

Skattrannsóknarstjóri telur skattskyldu Stoða hf. hafna yfir vafa. Það geri ég líka. Málið er í höndum ríkisskattstjóra, en aðgerðaleyfi hans vekur spurningar sem hann telur sér ekki skylt að svara.

Samkvæmt 106. gr. tekjuskattslaganna hefur fjármálaráðherra eftirlit með því að ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ræki skyldur sínar og því beini ég málinu til fjármálaráðherra og til forsætisráðherra—til upplýsingar.

Ef til vill er rétt að ríkislögmanni verði falið að skoða málið til hugsanlegrar málssóknar fyrir dómstólum gegn nefndum skattaðila, til ákvörðunar og greiðslu skattskuldarinnar? Ríkislögmaður gæti væntanlega beint því til ríkisskattstjóra að reikna út fjárhæð hugsanlegrar stefnufjárhæðar í krónutölu. Lagaheimild virðist vanta til að unnt sé fyrir fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að kæra úrskurði ríkisskattstjóra til yfirséðanefndar, ef hann vill ekki setta sig við úrskurði ríkisskattstjóra. Það geta hins vegar sveitarfélög gert í dag vegna sveitarsjóðsgjalda.

Sumum sem hlut eiga að máli er vafalaust hugleikið að skattheimtunni verði stungið undir stól og málið sjálft þaggað niður. En vera má að hér ráði þjóðhagslegar forsendur sem mér yfirsjást. Þá þarf ekki að svara þessu bréfi. Ef svo er hins vegar ekki bið ég þig að leiðbeina mér. Hvernig fer heiðarlegt fólk að?

Virðingarfyllt,

Þorsteinn Haraldsson

Fyrirhuguð áminning
Bréf skattrannsóknarstjóra, 5. júní 2012



Bryndís Kristjánsdóttir
skattrannsóknarstjóri
ríkisins



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Þorsteinn Haraldsson
Sogavegi Melbæ
108 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2012

Efni: Tilkynning um fyrirhugaða áminningu í samræmi við 21. gr. laga nr. 70/1996.

Hér með tilkynnist að ráðgert er að áminna þig fyrir brot á starfsskyldum þínum.


Með bréfi, dags. 24. maí 2012, sendir þú fjármálaráðherra bréf og afrit þess forsætisráðherra. Í nefndu bréfi greinir þú frá rannsókn embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins á máli aðila sem sætti rannsókn hjá embættinu. Í bréfinu er m.a. greint frá nafni viðkomandi aðila, niðurstöðu rannsóknarinnar og meðferð málsins í kjölfar hennar. Þá er í bréfinu vitnað til tölvupósts sem ég sendi ríkisskattstjóra og þér og varðar meðferð umrædds máls.

Starfsmenn skattrannsóknarstjóra ríkisins eru ríkisstarfsmenn í merkingu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í störfum sínum er starfsmönnum embættisins skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls, sbr. 18. gr. nefndra laga. Þagnarskylda starfsmanna skattrannsóknarstjóra ríkisins er sérstaklega áréttuð í 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Í þessum ákvæðum felst að starfsmönnum ber að gæta trúnaðar m.a. um skattskil og niðurstöður rannsóknar einstakra skattaðila. Til að undirstrika mikilvægi þagnarskyldunnar í starfsemi embættisins undirrita starfsmenn skattrannsóknarstjóra ríkisins drengskaparheit þessu til áréttingar við upphaf starfs.

Með því að greina frá skattskilum og rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins á tilgreindum aðila með þeim hætti sem að framan greinir og nánar er tilgreint í nefndu bréfi þínu, hefur þú brotið gegn starfsskyldum þínum og með því eftir atvikum sýnt af þér háttsemi sem er óhæfileg, ósæmileg og/eða ósamrýmanleg starfi þínu þannig að veita beri þér áminningu, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996.

fyrirhuguð ákvörðun er áminning í skilningi 21. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Bæti starfsmaður ekki ráð sitt eftir að hafa verið veitt slík áminning kann það að leiða til þess að honum verði sagt upp störfum, sbr. 44. gr. sömu laga.

Virðingarfyllt,



Bryndís Kristjánsdóttir,

skattrannsóknarstjóri

Svar við fyrirhugaðri áminningu
15. júní 2012

Þorsteinn Haraldsson
Vinnustaður:
Skattrannsóknarstjóri
ríkisins
Borgartúni 7, 150 Reykjavík
Sími 550 88 23
Netfang: thh@skattur.is
Heima:
Sogavegi Melbæ, 108 R.
Sími 892 88 23

Afrit:
Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra
Stjórnarráðshúsinu við
Lækjartorg
150 Reykjavík

Oddný G. Harðardóttir
fjármálaráðherra
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. júní 2012

Skattrannsóknarstjóri ríkisins
Bryndís Kristjánsdóttir
Borgartúni 7
150 Reykjavík

Efni: Andmæli vegna tilkynningar um fyrirhugaða áminningu í samræmi við 21. gr. laga nr. 70/1996

Með bréfi, dagsettu 5. júní 2012, tilkynnir þú mér að fyrirhugað sé að áminna mig fyrir brot á starfsskyldum mínum. Er mér gefið að sök að hafa í bréfi til fjármálaráðherra, og afriti sendu forsætisráðherra, greint frá rannsókn á máli aðila sem sætti rannsókn hjá embætti skattrannsóknarstjóra. Í bréfinu hafi ég greint frá nafni viðkomandi aðila, niðurstöðu rannsóknarinnar og meðferð málsins í kjölfari hennar. Þá hafi ég í bréfinu vitnað til tölvuþósts sem þú sendir ríkisskattstjóra og mér vegna umrædds máls.

Í bréfinu segir ennfreður að ég hafi brotið gegn starfsskyldum mínum og með því eftir atvikum sýnt af mér háttsemi sem er óhæfileg, ósæmileg og/eða ósamrýmanleg starfi mínu þannig að veita beri mér áminningu sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996.

Þessu andmæli ég.

Ég vísa fyrst til 1. mgr. 106. gr. tekjuskattslaganna, en þar segir:

Ráðherra hefur eftirlit með því að ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að fá til athugunar skattframtöl og gögn varðandi þau og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

Ég skrifaði fjármálaráðherra bréf vegna þess að ég tel brýnt að hann athugi hvort ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ræki skyldur sínar í tilteknu máli. Um er að ræða hvort fyrirtækið

Stoðir hf., áður FL Group hf., eigi að greiða tekjuskatt af hlutabréfahagnaði sem nemur 50,2 milljörðum króna. Málið er ekki smátt. Rannsóknarniðurstaða embættis þíns, byggð á þeirri sérfræðipækkingu sem þar er að finna, er sú að fyrirtækinu beri að greiða tekjuskatt af nefndum hagnaði. Ég veit ekkert um afstöðu ríkisskattstjóra, sem hefur forræði málsins, en ég veit að tæpt ár er síðan hann fékk í hendur rannsóknarniðurstöðu og ég veit að hann hefur ekki sent frá sér kröfu í málinu. Ég skrifaði vegna þess að mér finnst ómaksins vert fyrir fjármálaráðherra að kanna málið. Ég skrifaði bréf til að tryggja að ekkert færi á milli mála hjá ráðherranum sem skv. lögum hefur eftirlit með embættunum og hefur rétt til allra gagna og upplýsinga.

Það er bráðnauðsynlegt fyrir ráðherrann að sjá hvað stendur í tölvupóstinum. Þar kemur fram að þú stendur við rannsóknarniðurstöðuna sem er sú að fyrirtækið eigi að greiða skatta af 50,2 milljörðum króna, en jafnframt kemur fram sú afdráttarlaus afstaða embættisins að skipta sér ekkert af því hvort ríkisskattstjóri leggur skattinn á. Þessum lykilupplýsingum kom ég á framfæri við ráðherrann með því að vitna beint og milliliðalaust til textans í tölvupósti þínum. Fjármálaráðherra er æðsti maður skattkerfisins. Hann nýtur mests trausts og ber mesta ábyrgð. Þetta lýsir sér m.a. í því að hann hefur eftirlit með því að ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að fá öll framtöl og öll gögn sem þeim tengjast.

Ég hef eins og þér er kunnugt lengi vakið athygli á óskattlögðum hlutabréfahagnaði. Þetta gerði ég með bréfum og samtölum við ráðuneytisfólk á árinu 2009. Allt var það gagnslaust. Þeir sem ég leitaði til, talaði við, eða átti fund með, svöruðu aldrei neinu.

Haustið 2009 skrifaði ég Rannsóknarnefnd Alþingis bréf um hlutabréfahagnað fyrirtækja og lét nefndinni í té upplýsingar. Í svari sem ég fékk frá nefndarmanninum Tryggva Gunnarssyni kemur fram að hann telur að mál af þessu tagi eigi að leysa í kerfinu í hefðbundnum farvegi. Væri ég ósáttur við niðurstöðu yfirmanna minna eða ríkisskattstjóra vildi hann vekja athygli mína á 106. gr. tekjuskattslaganna—sem hann rakti—og segir svo:

„Frumkvæði að slíku eftirliti getur vitanlega byggst á ábendingu sem berst til ráðherra en þetta er frumkvæðiseftirlit ráðherra og það er alfarið hans að ákveða hvort hann telur tilefni til að bregðast við.“

Í ljósi leiðbeiningar Tryggva sendi ég fjármálaráðherra ábendingu 4. desember 2009 og afhenti samdægurs settum skattrannsóknarstjóra ríkisins afrit.

Ráðherrar eru bundnir þagmælsku um það sem leynt á að fara. Opinberir starfsmenn hljóta að ræða sín í milli það sem nauðsynlegt er svo þeir megi rækja starfa sinn. Ætlun laganna er hvorki að fela afbrot né embættismisferli.

Við erum á sama báti. Sameiginleg skylda okkar er að sjá um að skattgreiðendum sé ekki mismunað og ríkissjóður ekki svikinn um fé sem honum ber. Það að til standi að veita mér áminningu fyrir brot í opinberu starfi fyrir þær sakir að greina ráðherra frá mögulegri vanrækslu æðstu embættismanna á sviði skattamála lýsir ef til vill best þeim ógöngum sem skattkerfið er statt í.

Virðingarfyllt,

Þorsteinn Haraldsson

Fallið frá áminningu
14. ágúst 2012



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Þorsteinn Haraldsson
Sogavegi Melbæ
108 Reykjavík

Reykjavík, 14. ágúst 2012

Efni: Fallið frá fyrirhugaðri áminningu skv. 21. gr. laga nr. 70/1996.

Með bréfi, dags. 5. júní sl., var þér tilkynnt um að fyrirhugað væri að veita þér áminningu skv. 21. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Með bréfinu var þér jafnframt gefinn kostur á að koma að andmælum áður en til ákvörðunarinnar kæmi. Með bréfi þínu, dags. 15. júní sl., var fyrirhugaðri áminningu andmælt.

Með vísan til áðurnefnds bréfs þíns og til þess hvernig mál þetta liggur fyrir að öðru leyti er fallið frá fyrirhugaðri áminningu.

Virðingarfyllst,

Bryndís Kristjánsdóttir,

skattrannsóknarstjóri

Uppsögn
17. september 2012



SKATTTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Þorsteinn Haraldsson


Kt. 021249-3199

Reykjavík, 17. september 2012

Með bréfi þessu er þér sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót í samræmi við ákvæði ráðningarsamnings dags. þann 1. nóvember 2007 og 43. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Starfslok þín verða því 31. desember næstkomandi. Ekki er óskað eftir vinnuframlagi þínu á uppsagnartíma.

Hægt er óska eftir skriflegum rökstuðningi fyrir uppsögninni innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996.

Virðingarfyllt,


Bryndis Kristjánsdóttir,
skattrannsóknarstjóri

Tekjuskattsmáli Stoða lokið
27. nóvember 2012

27.11.2012

Tekjuskattsmáli Stoða lokið

Stoðir hafa fengið tilkynningu frá Ríkisskattstjóra um lok máls sem skattrannsóknarstjóri ríkisins vísaði til endurákvörðunar RSK og sneri að meintum vangreiddum tekjuskatti vegna tekjuársins 2006. Gerð hefur verið grein fyrir þessum ágreiningi við skattyfirvöld í skýringum við reikninga Stoða, nú síðast í skýringu 13a) í árs-
hlutatauppgjöri Stoða pr. 30.06.2012.

Niðurstaða Ríkisskattstjóra er að endurákvörða ekki skatta á félagið vegna þessa máls og telst því málinu lokið.

Frekari upplýsingar
Sími: 591 4400
Netfang: info@stodir.is

Stoðir, Suðurgata 12, 101 Reykjavík, Ísland
Sími 591 4400, Kennitala: 601273-0129

25. fundur í efnahagsnefnd Alþingis
3. desember 2012

25. fundur efnahags- og viðskiptanefndar

á 141. löggjafarþingi haldinn í Austurstræti 8–10,
mánudaginn 3. desember 2012 kl. 10:00

Mættir:

Guðlaugur Þór Þórðarson (GPÞ), kl. 10:00

Lilja Mósesdóttir (LMós), kl. 10:00

Magnús Orri Schram (MSch), kl. 10:00

Pétur H. Blöndal (PHB), kl. 10:00

Skúli Helgason (SkH), kl. 10:00

EyH, JBjarn, HHj og LRM voru fjarverandi.
MT áheyrnarfulltrúi sat ekki fundinn.

Nefndarritari: Eiríkur Áki Eggertsson

Bókað:

1) Skattlagning lögaðila. Kl. 10:00

**Á fundinn kom Þorsteinn Haraldsson, löggiltur
endurskoðandi.**

Fundarbeiðandi: PHB.

Gesturinn svaraði spurningum fundarbeiðanda og annarra nefndarmanna varðandi þörf á endurskoðun skattalaga. Gesturinn vakti athygli nefndarinnar á tilteknum samskiptum sínum við skattyfirvöld.

2) Uppgjör fallinna fjármálafyrirtækja og áhrif þess á afnám hafta. Kl. 10:30

Á fundinn komu Már Guðmundsson, Ásgeir Daníels-son, Guðmundur Sigbergsson og Sigríður Benediktsdóttir frá Seðlabanka Íslands.

Gestirnir fóru yfir minnisblað Seðlabanka Íslands frá 21. nóvember sl. sem hefur að geyma svör bankans við spurningum tilgreindra nefndarmanna.

Gestirnir fóru yfir og afhentu í ljósriti eftirtalin gögn sem báru yfirskriftina:

- „Hrein staða við útlönd sem hlutfall af VLF“
- „International investment position of OECD countries“
- „Kynning undirbúin fyrir bankaráð SÍ frá nóvember 2012 (aflandskrónur, endurgreiðslur erl. lána, þrotabúin)“.
- „Skuldabyrði við mismunandi skilyrði varðandi hagvöxt og verðbólgu“.

Gestirnir svöruðu spurningum nefndarmanna.

3) 106. mál - verðbréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir og fagfjárfestasjóðir Kl. 11:55

Á fundinn komu Guðbjörg Eva Baldursdóttir frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Sigríður

Benediktsdóttir og Guðmundur Sigbergsson frá Seðlabanka Íslands.

Ræddar voru spurningar sem nefndin sendi Seðla-
bankanum á 14. fundi nefndarinnar.

Óskað var eftir því að Seðlabankinn sendi nefndinni svarið í formi minnisblaðs.

Dreift var minnisblaði atvinnuvega- og nýsköpunar-
ráðuneytisins til nefndarinnar frá 16. nóvember sl.
varðandi skattalega samruna verðbréfasjóða.

4) Önnur mál. Kl. 12:00

Dreift var á fundinum minnisblaði Fjármálaeftir-
litsins (FME) varðandi greiðslur slitastjórna sem GÐÞ
óskaði eftir á fundi 17. október sl.

Í fundarboði sem sent var út fyrir fundinn, 29. nóv. sl.,
var óskað eftir að fulltrúar FME mættu til að ræða
annars vegar greiðslur til slitastjórna (fundarbeiðandi
GÐÞ) og hins vegar hæfi eigenda fjármálafyrirtækja
(fundarbeiðandi LMós). FME tilkynnti fyrir fundinn
að fulltrúar þess kæmust ekki til fundarins og voru
ástæður þess raktar í tölvupósti til ritara nefndar-
innar frá 30. nóv. sl. Tölvupóstinum var dreift á
fundinum.

LMós óskaði eftir að láta bóka mótmæli vegna fjarveru
fulltrúa FME á fundinum.

Fundi slitið kl. 12:05

29. fundur í efnahagsnefnd Alþingis
12. desember 2012

29. fundur efnahags- og viðskiptanefndar

á 141. löggjafarþingi

haldinn í Austurstræti 8-10, miðvikudaginn 12.

desember 2012 kl. 08:30

Mættir:

Helgi Hjörvar (HHj) formaður, kl. 08:30

Eygló Harðardóttir (EyH), kl. 08:45

Guðlaugur Þór Þórðarson (GÞÞ), kl. 08:40

Jón Bjarnason (JBjarn), kl. 08:55

Lilja Rafney Magnúsdóttir (LRM), kl. 08:50

Lilja Mósesdóttir (LMós), kl. 08:30

Magnús Orri Schram (MSch), kl. 08:30

Pétur H. Blöndal (PHB), kl. 08:30

Skúli Helgason (SKH), kl. 08:40

MT áheyrnarfulltrú sat ekki fundinn.

Nefndarritari: Eiríkur Áki Eggertsson

Bókað:

**1) Skattlagning lögaðila. Kl. 08:30 PHB óskaði upp-
haflega eftir því að Þorsteinn Haraldsson, löggiltur
endurskoðandi, kæmi á fund nefndarinnar til að
ræða skattlagningu lögaðila. Þorsteinn kom á 25.
fund nefndarinnar sem haldinn var 3. desember sl.
Í framhaldi af þeim fundi óskaði formaður efna-
hags- og viðskiptanefndar eftir því að ríkisskattstjóri
yrði boðaður á fund nefndarinnar.**

**Á fundinn komu Skúli Eggert Þórðarson, Adalsteinn
Hákonarson og Ingvar Rögnvaldsson frá
ríkisskattstjóra.**

**Allir nefndarmenn (HHj, PHB, MSch, LMós, SkH,
GÞÞ, EyH, LRM, JBjarn) samþykktu að undir-
gangast trúnað um efni fundarins að því leyti sem
umfjöllunin varðaði atriði sem háð eru fyrirmælum
laga um þagnarskyldu, sbr. a-c. lið 1. mgr. 1. gr. og 1.
mgr. 3. gr., sbr. og 1. mgr. 10. gr. reglna um meðferð
trúnaðarupplýsinga. Trúnaðarupplýsingarnar voru
veittar munnlega, sbr. 3. mgr. 1. gr. reglnanna.**

**Í lok umfjöllunar var óskað eftir því að
ríkisskattstjóri kæmi á framsæri minnisblaði við
nefndina með athugasemdum um tilgreind atriði
skattalaga er snúa að skattlagningu lögaðila.**

**2) 468. mál - ráðstafanir í ríkisfjármálum Kl. 09:20
Á fundinn kom Guðmundur Jóhann Árnason frá
fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Gesturinn lýsti**

**viðhorfum ráðuneytisins til tillögu GÞÞ er varðar
breytingu á lögum um stimpilgjald.**

**3) 103. mál - innheimtulög Kl. 09:45
Á fundinn kom Jón Ögmundur Þormóðsson frá
atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti til að fara yfir
minnisblað þar sem fram koma svör ráðuneytisins
við tilgreindum spurningum formanns nefndar-
innar.
Gesturinn svaraði einnig spurningum nefndarmanna
sem bornar voru upp á fundinum.**

**Umrætt minnisblað er dagsett 11. desember 2012. Því
var dreift á fundinum.**

**4) 216. mál - útgáfa og meðferð rafeyris Kl. 10:10
Á fundinn kom Guðmundur Kári Kárasen frá
atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti til að fara yfir
minnisblað ráðuneytisins. Í því koma fram viðbrögð
ráðuneytisins við umsögnum sem borist hafa í
málinu.
Gesturinn svaraði einnig spurningum
nefndarmanna.**

**Minnisblaðið er dagsett 12. desember 2012. Því var
dreift á fundinum.**

**5) 468. mál - ráðstafanir í ríkisfjármálum Kl. 11:10
Nefndarmenn ræddu einstök efnisatriði
frumvarpsins.**

Formaður, HHj, gaf nefndarmönnum færi á að koma á framfæri beiðnum um upplýsingar og óskir um gestakomur.

6) 473. mál - vörugjöld og tollalög Kl. 11:10

Nefndarmenn ræddu einstök efnisatriði frumvarpsins.

Formaður, HHj, gaf nefndarmönnum færi á að koma á framfæri beiðnum um upplýsingar og óskir um gestakomur.

7) 456. mál - greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi Kl. 11:45

Umræðu frestað.

8) 103. mál - innheimtulög Kl. 11:45

Frekari umræðu um málið frestað (málið hafði verið rætt fyrr á fundinum).

9) 101. mál - skattar og gjöld Kl. 11:45

Umræðu frestað.

10) 216. mál - útgáfa og meðferð rafeyris Kl. 11:45

Frekari umræðu um málið frestað (málið hafði verið rætt fyrr á fundinum)

11) 102. mál - hlutafélög Kl. 11:45

Umræðu frestað.

12) Önnur mál. Kl. 11:45

Um kl. 11:10 las ritar tölvupóst atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem barst formanni

nefndarinnar fyrr á fundinum og varðar málshöfðun ESA fyrir EFTA dómstólnum á hendur íslenska ríkinu vegna dráttar á innleiðingu tilskipunar 2008/48/EB. Tilskipunin tengist máli nr. 220 (neytendalán) sem er til umfjöllunar í nefndinni.

Í lok fundar komu fram eftirfarandi óskir og athugasemdir:

LMós ítrekaði ósk sína um að fá fulltrúa Fjármálaeftirlitsins á fund til að ræða hæfi eigenda fjármálafyrirtækja.

PHB óskaði eftir tilgreindum upplýsingum er varða umfjöllun nefndarinnar um uppgjör fallinna fjármálafyrirtækja og áhrif þess á afnám hafta.

JBjarn vakti athygli á því að nefndin hefði verið beðin um umsögn í máli nr. 151 (sala á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum). Nefndarmenn ræddu málið með hliðsjón af forsendum fjárlagafrumvarpsins sem er á leið í 3. umræðu.

GÞÞ vakti athygli á því að fjárlaganefnd hefði óskað eftir umsögn efnahags- og viðskiptanefnd varðandi tekjuhlið fjárlaga. Nefndarmenn ræddu afstöðu formanns til beiðninnar.

Fundi slitið kl. 11:45

Frétt og viðtal við forstjóra Stoða
Fréttablaðið, 15. janúar 2013

Hætt við

milljarðakröfur

15. janúar 2013 **PRÍÐ**

endurál

á Stoðir

„Ríkisskattstjóri hefur ákveðið eð endurákværða ekki skatta á Stoðir, áður FL Group, vegna vangreiðslna á tekjuskatti. Endurálagningin hefði geta hlaupið á milljörðum króna. Virðisaukaskattskuld félagsins við ríkið er fyrir dómstólum en öðrum öngum málsins er lokið.“

Viðskipti · Fréttablaðið, 15. janúar 2013

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að endurákværða ekki skatta á Stoðir, sem áður hét FL Group, vegna meintra vangreiðslna á tekjuskatt fyrir árið 2006. Á því ári hagnaðist félagið um 44,6 milljarða króna og því er ljóst að um margra milljarða króna endurgreiðslu hefði verið að ræða ef endurákværðað hefði verið á Stoðir.

Með þessu er að mestu lokið skatt-rannsókn á Stoðum/FL Group sem hófst með húsleit í höfuðstöðvum félagsins 11. nóvember 2008. Ef allir angar málsins hefðu farið á versta veg fyrir Stoðir/FL Group hefði félagið þurft að greiða íslenska ríkinu 12,9 milljarða króna.

Snerist fyrst um rekstrarkostnað

Upphafleg rannsókn skattayfirvalda beindist að rekstrarkostnaði Stoða/FL

Group á árinu 2007, en samkvæmt ársreikningi var hann 6,2 milljarðar króna. Þegar rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk í desember 2010 sneri niðurstaðan ekki að rekstrarkostnaðinum, heldur meintum vangreiddum tekju- og virðisaukaskatti.

Tekjuskattshlutinn snýst um að félagið hafi ekki greitt tekjuskatt af hagnaði sínum árið 2006, þegar það hagnaðist um 44,6 milljarða króna. Virðisaukaskattshlutinn snerist síðan um að félagið skuldaði slíkan skatt, meðal annars vegna aðkeyptrar þjónustu af erlendum dótturfélögum sínum á árunum 2006 og 2007.

Stoðir/FL Group fengu endurskoðunarfyrirtækið KPMG til að meta hver möguleg áætluð skattaskuld félagsins gæti orðið ef öll málin færu á versta veg fyrir

það. Niðurstaðan var sú að þá myndu Stoðir skulda skattayfirvöldum, og þar af leiðandi ríkissjóði, 12,9 milljarða króna. Langstærsti hluti þeirrar skuldar myndi skapast vegna tekjuskattshluta rannsóknarinnar.

Íslenska ríkið á í Stoðum

Í júní 2011 úrskurðaði Ríkisskattstjóri að Stoðir/FL Group skulduðu 741 milljón


króna í virðisaukaskatt. Til að gera kröfuna upp gaf Stoðir/FL Group út nýtt hlutafé upp á 37 milljónir króna að nafnvirði og afhenti íslenska ríkinu. Ástæðan er sú að stjórn félagsins telur allar skattakröfur vera samningskröfur og því falli þær undir nauðasamning félagsins sem gerður var sumarið 2009. Samkvæmt honum eru allar óveðtryggðar kröfur gerðar upp með einnar milljónar króna eingreiðslu og að fimm prósent af viðbótarkröfunni fái greidd með almennum hlutum í Stoðum/FL Group.

Ríkið hefur ekki fallist á þennan skilning Stoða/FL Group og því hefur félagið stefnt ríkinu fyrir dómstóla til að fá uppgjör sitt á kröfunni viðurkennt. Málið var tekið fyrir í gær.

Tekjuskattsmálinu lokið

Stoðum/FL Group barst hins vegar tilkynning frá Ríkisskattstjóra í lok síðasta árs um að tekjuskattshluta málsins væri lokið. Niðurstaða embættisins er sú að endurákvörða ekki skatta á félagið vegna þessa máls.

Í árshlutareikningi Stoða fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2011, sem er síðasta birta uppgjör félagsins, er sérstaklega



FÉLAGIÐ STODIR HÉT ÁÐUR FL GROUP Skattayfirvöld í nóvember 2008. Rannsókn skattamála lauk í desember

fjallað um skattrannsókn yfirvalda á félaginu. Þar segir að þar sem hagnaður Stoða hafi verið mikill árið 2006 gæti tekjuskattrannsóknin haft umtalsverð fjárhagsleg áhrif á félagið. Helstu eignir



yfirvöld framkvæmdu húsleit í höfuðstöðvum þess í desember 2010.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

Stoða eru 33,6 prósent hlutur í TM, sem til stendur að selja í aðdraganda skráningar félagsins á markað á þessu ári, og 40,3 prósent hlutur í drykkjarvöruframleiðandanum Refresco.

Var eitt stærsta óvissuatriðið



Júlíus Þorfinnsson, framkvæmdastjóri Stoða, tekjuskattshluta málsins mjög mikilvæga fyrir félagið. „Niðurstaða Ríkisskattstjóra kom okkur í sjálfu sér ekki á óvart enda í samræmi við álit skattalögmanna og endurskoðenda sem Stoðir höfðu fengið og deilt með skattayfirvöldum. En hér var um háar fjárhæðir að ræða, jafnvel þótt krafa af þessum toga, vegna tekjuskatts fyrir tekjuárið 2006, hafi fallið undir nauðasaming Stoða frá 2009. Þetta hefur því verið eitt stærsta óvissuatriðið í rekstri Stoða og í raun baggi á félaginu og þar með hluthöfum um langa hríð. Við fögnum því að sjálfsögðu að málinu sé lokið.“

Var eitt stærsta óvissuatriðið

Júlíus Þorfinnsson, framkvæmdastjóri Stoða, segir niðurstöðuna í tekjuskattshluta málsins mjög mikilvæga fyrir félagið. „Niðurstaða Ríkisskattstjóra kom okkur í sjálfu sér ekki á óvart enda í samræmi við álit skattalögmanna og endurskoðenda sem Stoðir höfðu fengið og deilt með skattayfirvöldum. En hér var um háar fjárhæðir að ræða, jafnvel þótt krafa af þessum toga, vegna tekjuskatts fyrir tekjuárið 2006, hafi fallið undir nauðasaming Stoða frá 2009. Þetta hefur því verið eitt stærsta óvissuatriðið í rekstri Stoða og í raun baggi á félaginu og þar með hluthöfum um langa hríð. Við fögnum því að sjálfsögðu að málinu sé lokið.“

Valdi beitt án röksemda

Morgunblaðið, 5. febrúar 2013

Jón Steinar Gunnlaugsson:
Valdi beitt án röksemda

Ríkisskattstjóri ákvað að leggja ekki 12,9 milljarða króna skatt á hagnað af hlutabréfaviðskiptum.

Nú um áramótin var sögð frétt af ríkisskattstjóra. Hann hefði ákveðið að endurákvarða ekki skatta á Stoðir hf. (áður FL Group hf.) vegna ætlaðrar vangreiðslu tekjuskatts frá rekstrarárinu 2006.

Útskýringar vantar

Fréttin vakti ekki mikla athygli, þó að baki hennar búi undarleg atburðarás, þar sem engar skýringar liggja fyrir á þeirri ákvörðun ríkisskattstjóra að fella þetta mál niður. Nauðsynlegt er að fjalla um þetta opinberlega, meðal annars til að ríkisskattstjóri geti skýrt það út fyrir skattborgurum landsins hvers vegna hann tók ákvörðun um að sleppa þessum gjaldanda við himinháar skattgreiðslur án þess að dómstólar væru látnir dæma um réttmæti þess. Fyrst þarf að skýra frá meginefni málsatvika svo lesendur geti áttað sig á efni málsins.

Söluhagnaði frestað

Skattskil þessa fyrirtækis vegna tekjuáranna 2006 og 2007 höfðu hinn 11. nóvember 2008 verið tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Skilaði hann skýrslu um rannsóknina 3. desember 2010.

Einn af þeim þáttum í skattskilum fyrirtækisins, sem til rannsóknar komu, var sú ákvörðun þess að fresta í skattframtali 2007 vegna rekstrarársins 2006 söluhagnaði af hlutabréfaviðskiptum að fjárhæð rúmlega 50 milljarðar króna. Var ljóst að fyrirtækið byggði þessa frestun á heimild sem hafði verið að finna í 5. mgr. 18. gr. tekjuskattslaga. Tekið skal fram að þetta lagaákvæði var síðar fellt úr lögumum. Jafnframt var þá lögfest torskilið ákvæði um skattskyldu slíks söluhagnaðar, sem að minnsta kosti undanþiggur hagnaðinn skatti að vissum skilyrðum uppfylltum. Þetta skiptir ekki máli fyrir málefnið hér, þar sem það snýst um skattskyldu samkvæmt þeim lögum sem í gildi voru áður en þessar breytingar voru lögfestar.

Svo stóð á um frestunarheimild þessa að skattyfirvöld höfðu ekki talið hana gilda hjá fyrirtækjum sem höfðu það að meginmarkmiði í rekstri sínum að afla sér tekna á þann hátt að kaupa og selja hlutabréf. Ekki var talinn vafi á að Stodir hf. féllu undir þetta og þess vegna ætti heimildin til frestunar á söluhagnaðinum ekki við í skattskilum fyrirtækisins.

Óheimill skattafrádráttur

Í rannsóknarskýrslunni taldi skattrannsóknarstjóri að fyrirtækið hefði ekki mátt nýta heimildina og hafi

þess vegna átt að leggja tekjuskatt á tekjur þess þetta ár án þess að umræddur söluhagnaður yrði dreginn frá. Byggðist afstaða skattrannsóknarstjóra ríkisins um þetta meðal annars á svonefndu bindandi áliti ríkisskattstjóra frá 20. desember 2000, þar sem komist hafði verið að þessari niðurstöðu um sambærileg tilvik.

Fyrir liggja fleiri svör frá ríkisskattstjóra til gjaldenda sem byggja á hinu sama. Er varla vafi á að þessi eldri svör hafa í einhverjum tilvikum valdið því að gjaldendur hafa ekki talið sig geta nýtt frestunarheimildina og því talið fram viðkomandi tekjur fullum fetum.

Hagnaður varð að engu

Stodir hf. mótmæltu skilningi skattrannsóknarstjóra og taldi fyrirtækið sig hafa haft heimild til að nýta ákvæðið með þeim hætti sem það hefði gert í framtalinu. Nýting heimildarinnar í framtalinu leiddi meðal annars til þess að hagnaður félagsins að fjárhæð 44,6 milljarðar króna árið 2006 varð að engu og kom því ekki til álagningar tekjuskatts árið 2007. Skattgreiðslan sem félagið slapp við af þessum sökum nam um 12,9 milljörðum króna.

Án lögfræðilegra forsendna

Svo sem lög gera ráð fyrir kom það í hlut ríkisskattstjóra að breyta opinberum gjöldum fyrirtækisins á grundvelli skattrannsóknarinnar. Það gerði hann með úrskurði 16. júní 2011. Í úrskurðinum var tekin afstaða til ýmissa liða í rannsóknarskýrslunni og skatti breytt til hækkunar vegna margra þeirra.

Um frestunina í framtalinu 2007 á söluhagnaði hlutafjárins, sem reyndar var langstærsti einstaki liðurinn í málinu, sagði aðeins: „Að svo stöddu telur ríkisskattstjóri ekki tilefni til að gera breytingar á skattskilum gjaldanda hvað þetta atriði varðar.“ Síðan birtust fréttir nú um áramótin þar sem sagt var frá því að ríkisskattstjóri hefði ákveðið að endur-ákvarða ekki skatta á Stodir af því tilefni sem hér um ræðir. Engar skýringar fylgdu á þessari ákvörðun, þrátt fyrir að hún væri í beinni andstöðu við álit skattrannsóknaðstjóra sem fyrr var getið.

„Bindandi álit“

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið liggur nú fyrir að ríkisskattstjóri hefur ákveðið að sleppa þessu fyrirtæki við álagningu tekjuskatts að fjárhæð tæpir 13 milljarðar króna. Þetta gerir hann þó að fyrir liggi að þeir sérfræðingar, sem um málið höfðu fjallað á vettvangi skattyfirvalda, hafi talið að um væri að ræða skattskyldan hagnað og þrátt fyrir að hans eigið embætti hafi nokkrum árum fyrr gefið út „bindandi álit“, sem svo er nefnt, um að skattskylda sé fyrir hendi í tilviki sem þessu, sem hefur vafalaust leitt til þess að einhver fjöldi gjaldenda hefur ekki talið sér heimilt að nýta heimildina í því skyni að lækka skattgreiðslur sínar. Ríkisskattstjórinn tekur þessa ákvörðun án þess að færa fram nokkur rök fyrir henni svo vitad sé.

Ekki fyrir dóm

Ætla verður að opinber embættismaður eins og ríkisskattstjóri geti tæpast farið með vald sitt á

þennan hátt. Á honum hlýtur að hvíla skylda til að tryggja að dómstólar landsins dæmi um þessa lögskýringu sem varðar marga fleiri en þennan gjaldanda, jafnvel þó að svo standi á í þessu máli að búið sé að fella lagaregluna sem á reynir úr lögum. Auðvitað á þessi gjaldandi fullan rétt á að mótmæla skattinum og bera allar sínar varnir gegn honum fram. Þetta verður hins vegar að gerast fyrir dómi. Þannig bar ríkisskattstjóra skylda til að leggja skattinn á og fyrirtækið naut síðan réttar til að verjast skattinum fyrir dómi.

Gedþóttavald?

Kannski finnst þeim manni sem nú gegnir embætti ríkisskattstjóra eftirsóknarvert að hafa vald til að ákveða án rökstuðnings að leggja ekki skatta á tiltekna gjaldendur, þó að þeir sérfræðingar sem um mál fjalla á vettvangi skattstjórnsýslunnar telji að skatt eigi að leggja á.

Slík breytni samrýmist ekki góðum stjórnsýslu-
háttum og veitir enga tryggingu fyrir því að gedþóttinn einn sé ekki látinn ráða ákvörðunum. Svona meðferð á opinberu valdi er með öllu óviðunandi fyrir þjóðina.

Skýringa óskað

Hér skal því skorað á þennan embættismann að birta opinberlega lagaleg rök sín fyrir því að hlífa gjaldandanum við skattinum og útskýra jafnframt hvers vegna hann kys að beita valdi sínu þannig að ekki geti komið til kasta dómstóla við endurskoðun á ákvörðun hans.

Hádegisfréttir ríkisútvarpsins
5. febrúar 2013

Brynjólfur Þór Guðmundsson:

Hádegisfréttir ríkisútvarpsins

Ákvörðun ríkisskattstjóra um að sleppa Stoðum við himinháar skattgreiðslur krefst frekari útskýringar. Þetta segir fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkisskattstjóri segir að ekki hafi verið forsendur fyrir endurákvörðun sem hefðu aðeins skilað sér í að hlutabréf fengjust upp í lítinn hluta upphæðarinnar.

Jón Steinar Gunnlaugsson fyrrverandi hæstaréttardómari ritar grein í Morgunblaðið þar sem hann gagnrýnir að ríkisskattstjóri hafi ekki endurákvæðað skatta á Stoðir hf. sem áður nefndust FL Group. Jón Steinar segir að með þessu hafi fyrirtækið sloppið við greiðslur nær 13 milljarða króna í tekjuskatt vegna söluhagnaðar af hlutabréfum árið 2006.

Jón Steinar segir að ákvörðun ríkisskattstjóra sé í andstöðu við álit skattrannsóknarstjóra og fyrri álitsgerðir ríkisskattstjóraembættisins. Ríkisskattstjóri hafi ekki rökstutt ákvörðun sína og lætur Jón Steinar að því liggja að það hafi verið geðþóttaákvörðun.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri hafnaði ásökunum Jóns Steinars í samtali við fréttastofu. Hann segir að meginreglan sé sú að lögaðilum sé

heimilt að fresta söluhagnaði og það þyrftu að vera mjög þröng skilyrði fyrir því að skattyfirvöld höfðu slíku. Hvorki hafi verið efnislegar né lagalegar forsendur fyrir því að endurákvarða skatta á Stoðir. Þá sé rangt að fyrirtækinu hafi verið sleppt við háar skattgreiðslur, eins og Jón Steinar heldur fram.

Stoðir hafi gengið í gegnum nauðasamninga og ljóst að lítið fengist upp í kröfur. Hefði skatturinn verið lagður á hefði hann verið niðurskrifaður um 95% í nauðasamningum og þau 5 % sem eftir stæðu verið greidd í hlutabréfum í Stoðum.

Rekinn fyrir heiðarleika
Morgunblaðið, 6. febrúar 2013

Jón Steinar Gunnlaugsson:
Rekinn fyrir heiðarleika

Tekið á óþægilegum starfsmanni

Í gær spurði ég ríkisskattstjóra um afar sérkennilega meðferð hans á valdi til að leggja á skatta.

Við það sem þar sagði er rétt að bæta lítilli sögu um hverju það getur varðað opinbera starfsmenn að vera heiðarlegir.

Einn af starfsmönnum skattrannsóknarstjóra, sem hafði unnið að rannsókn þeirri á skattskilum Stoda hf., sem rætt var um í greininni í gær, átti erfitt með að sætta sig við að verða vitni að þeirri misbeitingu skattlagningarvalds sem hann taldi sig sjá.

Svarað með þögninni

Hann spurðist því fyrir um málið með orðsendingum til ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Hann fékk engar skýringar. Þá greip hann til þess ráðs 24. maí 2012 að senda fjármálaráðherra orðsendingu um málið á grundvelli 106. gr. tekjuskattlaga, þar sem kveðið er á um að fjármálaráðherra

skuli hafa eftirlit með því að meðal annars ríkisskattstjóri ræki skyldur sínar. Segir í lagaákvæðinu að ráðherrann hafi rétt til að fá til athugunar skattframtöl og gögn varðandi þau og krefja skattyfirvöldin skýringa á öllu því sem framkvæmd laganna varði.

Boðuð áminning

Við þessu brást skattrannsóknarstjóri, yfirmaður starfsmannsins, með því að senda honum 5. júní 2012 skriflega tilkynningu um fyrirhugaða áminningu í samræmi við starfsmannalög. Kom fram að tilefnið væri bréfið til fjármálaráðherra og var talið að með því hefði þessi opinberi starfsmaður brotið gegn skyldum sínum til þagmælsku um atriði sem hann hefði fengið vitneskju um í starfi sínu.

Með bréfi 15. júní 2012 andmælti maðurinn bréfinu. Vísaði hann til hins víðtæka eftirlitsvalds ráðherrans og greindi að auki frá því að hann hefði leitað leiðbeininga hjá nefndarmanni í Rannsóknarnefnd Alþingis um hvernig hann ætti að bera sig að og farið í einu og öllu eftir þeim. Sagði hann erindi sitt til ráðherra einungis hafa helgast af áhuga sínum á að skattgreiðendum skyldi ekki mismunað.

Úr áminningu í brottrekstur

Tveimur mánuðum seinna eða 14. ágúst 2012 fékk starfsmaðurinn loks það svar frá skattrannsóknarstjóranum að fallið væri frá fyrirhugaðri áminningu. Rúmum mánuði síðar eða 17. september 2012 kom svo nýtt bréf frá hinum sama. Nú var manninum sagt upp störfum með umsömdum þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. október 2012 þannig að

starfslok yrðu 31. desember 2012. Ekki væri óskað eftir vinnuframlagi á uppsagnartíma.

Maðurinn neytti réttar til að krefjast rökstuðnings fyrir uppsögninni. Með bréfi 1. október svaraði skattrannsóknarstjóri. Var sú skýring gefin að fjárheimildir til reksturs embættisins væru ófullnægjandi og væri starfsmanninum sagt upp í hagræðingarskyni. Með hliðsjón af aðdraganda uppsagnarinnar var hér á ferðinni augljós fyrirsláttur.

Refsað fyrir heiðarleika

Hvernig á opinber starfsmaður að skilja þessi viðbrögð? Boðskapurinn er tvímælalaus. Ekki skipta þér af þótt þú teljir þig sjá misbeitingu opinbers valds. Þú skalt þegja. Engu máli skiptir hvort þú leitast við að haga afskiptum þínum eftir laganna leiðum. Ef þú þegir ekki verðurðu rekinn. Þú átt heldur ekki neitt skjól hjá þeim ráðherra sem fer með yfirstjórn á málavíði þínu. Hann mun styðja ranglætið gegn þér.

Abraham Lincoln sagði við þá sem vildu starfa sem lögfræðingar: Ef þið getið ekki verið heiðarlegir lögfræðingar verið þá heiðarlegir við að gera eitthvað annað.

Yfirmenn skattamála segja hins vegar við starfsmenn sína: Ef þið þurfið að vera heiðarlegir við störf ykkar skuluð þið hætta og reyna þá, ef þið endilega viljið vera heiðarlegir, að vera það við eitthvað annað.

Tekist á um skattamál Stoða hf.
Morgunblaðið, 6. febrúar 2013

Morgunblaðið, 6 febrúar 2013

Tekist á um skattamál Stoda hf.

Klagaði í ráðherra og var rekinn

Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri, segir það ekki rétt sem Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, hafi gefið til kynna í grein í Morgunblaðinu í gær, að ómálefnaleg sjónarmið hafi ráðið aðgerðum ríkisskattstjóra í tilteknu skattamáli. Jón Steinar greindi frá því að ríkisskattstjóri hefði ákveðið að endurákvarða ekki skatta á Stodir hf. (áður FL Group) vegna ætlaðrar vangreiðslu tekju-skatts frá rekstrarárinu 2006.

Skúli Eggert svarar Jóni Steinari í grein í blaðinu í dag og segir m.a. að niðurstaða ríkisskattstjóra hafi verið sú að „hluteigandi skattaðili hafði í meginatriðum keypt hlutabréf í sambærilegum rekstri og hann starfaði sjálfur í og því væri um að ræða fjárfestingu þess aðila. Átti hann þá rétt á þeim frestunarheimildum sem ákvæði skattalaga gerðu ráð fyrir“.

Jón Steinar heldur áfram að fjalla um málið og segir í nýrri grein í dag að starfsmaður skattrannsóknarstjóra hafi átt erfitt með að sætta sig við það sem hann taldi vera misbeitingu skattlagningarvalds í þessu máli. Hann sendi fjármálaráðherra

orðsendingu um málið og hlaut bágt fyrir hjá
yfirmanni sínum. Manninum var svo sagt upp
störfum skömmu síðar.

**Rökstudd og málefnaleg
ákvörðun ríkisskattstjóra**
Morgunblaðið, 6. febrúar 2013



Skúli Eggert Þórðarson
Ríkisskattstjóri

Skúli Eggert Þórðarson:
**Rökstudd og málefnaleg ákvörðun ríkis-
skattstjóra**

Í grein Jóns Steinars gefur hann til kynna að ómálefnaleg sjónarmið ráði aðgerðum ríkisskattstjóra í máli þessu. Það er ekki rétt.

1.

Í grein í Morgunblaðinu hinn 5. febrúar 2013 fjallar Jón Steinar Gunnlaugsson um mál sem til meðferðar hefur verið hjá skattyfirvöldum og dregur af forsendum þeim sem hann gefur sér víðtækar ályktanir. Þótt ekki tíðkist að skattyfirvöld fjalli um málefni einstakra framteljanda opinberlega, enda er þeim tryggð víðtæk þagnarskylda skattyfirvalda samkv. 117. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, er grein Jóns Steinars með þeim hætti að ríkisskattstjóri telur nauðsynlegt að svo sé gert að þessu sinni. Vegna þessa hefur verið aflað leyfis frá viðkomandi skattaðila til að ríkisskattstjóri geti tjáð sig um málavexti.

Mál það sem Jón Steinar gerir að umfjöllunarefni er svokallað rannsóknarmál hjá skattyfirvöldum, þ.e. mál sem skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur haft til meðferðar. Hlutverk skattrannsóknarstjóra er að

rannsaka ætluð undanskot og hlutverk ríkisskattstjóra er að leggja á opinber gjöld ef grundvöllur er fyrir slíku.

2.

Ríkisskattstjóri hefur með höndum almenna túlkun laga samkvæmt tekjuskattslögum. Þá hefur ríkisskattstjóri enn fremur það hlutverk að endurákværða opinber gjöld ef aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til þess. Ríkisskattstjóra ber að leggja sjálfstætt mat á það hvort forsendur séu fyrir endurákvörðun opinberra gjalda og skoðanir og niðurstöður skattrannsóknarstjóra binda ekki hendur ríkisskattstjóra, enda ber hið síðarnefnda embætti ábyrgðina á endurákvörðuninni. Samkvæmt gildandi úrskurðaframkvæmd yfirskattanefndar getur ríkisskattstjóri ekki byggt endurákvörðun á skýrslu skattrannsóknarstjóra eða rökum hans einvörðungu heldur verður ríkisskattstjóri að rökstyðja sjálfstætt ákvörðun sína sbr. og meginreglu laga nr. 111/1992 sem fjallar um aðskilnað skattrannsókna frá embætti ríkisskattstjóra.

Í því máli sem Jón Steinar fjallar um eru málavextir þeir að hinn 11. nóvember 2008 tók skattrannsóknarstjóri málefni hlutadeigandi framteljanda til rannsókna. Undir rannsókninni leitaði skattrannsóknarstjóri til ríkisskattstjóra þann 19. mars 2010 um álit á því hvort tiltekin viðskipti lögaðilans með hlutabréf hefðu skattskyldu í för með sér. Ríkisskattstjóri svaraði skattrannsóknarstjóra þar sem fram kom að ríkisskattstjóri teldi vera mikinn vafa á því hvort þau hlutabréfaviðskipti sem þarna var um að

ræða hefðu í för með sér tafarlausa skattskyldu eða hvort unnt væri að fresta skattlagningu. Allt að einu komst skattrannsóknarstjóri að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni að hlutadeigandi skattaðili hefði ekki haft heimild til að fresta skattlagningu af tekjum af hlutabréfaviðskiptum sínum. Ríkisskattstjóri tók skýrslu skattrannsóknarstjóra til úrskurðar og lagði sjálfstætt mat á efni skýrslunnar í samræmi við meginreglu tekjuskattslaga. Í framhaldi af því endurákværðaði ríkisskattstjóri vanframtalinn virðisaukaskatt en ákvað að endurákværða ekki tekjuskatt af viðskiptum með hlutabréf um sinn og óskaði í þess stað eftir framhaldsrannsókn skattrannsóknarstjóra með bréfi dags. 19. maí 2011. Skattrannsóknarstjóri svaraði beiðni ríkisskattstjóra hinn 12. júlí 2011 og lagði fram nokkur ný gögn.

Greinargerð skattrannsóknarstjóra um framhaldsrannsóknina var óvenjuleg og send með bréfi og nokkrum fylgiskjölum en ekki í skýrsluformi eins og áskilið er í 31. gr. reglugerðar nr. 373/2001 né heldur hafði hlutadeigandi skattaðila verið gefið færi á því að tjá sig um niðurstöður framhaldsrannsóknarinnar í samræmi við meginreglur stjórnsýslulaga og 32. gr. tilvitnaðrar reglugerðar. Þegar af þeirri ástæðu var ríkisskattstjóra óheimilt að byggja endurákvörðun sína á gögnum sem skattaðilinn hafði ekki tjáð sig um. Allt að einu yfirför ríkisskattstjóri fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar í því skyni að meta hvort grundvöllur væri fyrir endurákvörðun með það fyrir augum að leitast við að bæta úr þeim formannmörkum sem voru á framhaldsrannsókn skattrannsóknarstjóra.

Mál þetta snérist m.ö.o. um hvort söluhagnaður lögaðila væri skattskyldur án frestunar eins og skattrannsóknarstjóri taldi. Við mat ríkisskattstjóra skipti þrennt meginmáli, lagalegar forsendur, efnislegir málavextir og hvort formlega hefði verið rétt staðið að málinu.

3.

Um lagalegu forsendurnar er það að segja að almennt eru allar tekjur vegna sölu eigna í atvinnurekstri skattskyldar á því ári sem þeirra er aflað, sbr. 21. gr. laga nr. 90/2003. Meginreglan var þó sú að lögaðilum var heimilt á þessum tíma að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum nema sérstaklega stæði á, sbr. b-lið 3. gr. laga nr. 95/1998. Meginreglan gildi ekki þegar lögaðilinn hafði heimild Fjármálaeftirlitsins til að stunda verðbréfavíðskipti fyrir aðra. Skilyrði er að fyrir hendi sé veltubók sem fellur utan frestanaheimilda, svo er a.m.k. hinn almenni skilningur þótt önnur sjónarmið kunni að vera uppi.

Með b-lið 3. gr. laga nr. 95/1998 var lögfest svofelld heimild til handa lögaðilum og einstaklingum í rekstri til að fresta skattlagningu á söluhagnaði hlutabréfa um tvenn áramót frá söludegi:

„Lögaðilar, sbr. 1. mgr. 2. gr., geta farið fram á að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa, þar á meðal skiptum á hlutabréfum, um tvenn áramót frá söludegi. Sama gildir um einstaklinga í atvinnurekstri enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum ...“

Samkvæmt beinni orðskýringu tók ákvæði þetta þannig til allra þeirra lögaðila, sem taldir voru upp í 1.-5. tölul. 1. mgr. 2. gr. og án takmörkunar á frestun söluhagnaðar m.t.t. hvaða forsendur lágu að baki kaupum og sölu á þeim hlutabréfum sem seld voru með söluhagnaði. Við endurfjárfestingu varð frestun á skattlagningu söluhagnaðar varanleg á meðan þau hlutabréf voru í eigu lögaðilans.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði voru uppi sjónarmið um að frestunin ætti ekki við um svokölluð veltu-hlutabréf sem fyrr er vikið að. Þannig leit ríkisskattstjóri svo á að lögaðilar, sem hefðu það sem aðalstarfsemi að kaupa og selja hlutabréf hefðu ekki umrædda heimild, en um þá giltu almennar reglur skattalaganna um kaup og sölu eigna og að söluhagnaði af slíkum hlutabréfum væri þannig ekki heimilt að fresta með vísun til nefndrar heimildar. Þetta sjónarmið byggðist á fyrri túlkunum embættisins. Með öðrum orðum gætu lögaðilar, sem kaupa og selja hlutabréf eins og bankar og fjármálafyrirtæki sem hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar og eru háð eftirliti Fjármálaeftirlitsins og versla beinlínis með slík bréf, ekki nýtt sér áðurgreinda frestunarheimild nema þeir væru að fjárfesta fyrir eigin reikning.

Framangreind túlkun ríkisskattstjóra er í samræmi við almennar athugasemdir með frumvarpi því er varð að lögum nr. 38/2008 (135. löggjafarþing, 325. mál, þskj. 508) en með 2. gr. laganna var lögfest heimild fyrir lögaðila til að draga frá tekjum söluhagnað af hlutabréfum og fella niður fyrri framkvæmd, sem talin var hafa haft óæskilegar

hliðarverkanir með uppsöfnun taps og skattasniðgöngu við flutning tekna úr landi við endurfjárfestingu.

Í framhaldsnefndaráliti meirihluta efnahags- og skattanefndar Alþingis um framangreint frumvarp kemur fram að með því sé jafnframt verið að afnema þann greinarmun sem gerður hefur verið á fjárfestingahlutabréfum og veltuhlutabréfum. Þá kemur einnig fram í framhaldsnefndarálitinu að fjármagn sé kvikur skattstofn og nefndarmenn setja fram hugleiðingar í þá veru að fara skuli varlega í skattlagningu fjármagns sem þannig verður til við sölu á hlutabréfum.

Ríkisskattstjóri telur þau ummæli í áður nefndu framhaldsnefndaráliti meirihluta efnahags- og skattanefndar bera með sér að fyrri skattívilnanir skuli halda sér til hins ýtrasta, sbr.:

„Meirihlutinn undirstrikar mikilvægi þess að gildistökuákvæði frumvarpsins verði ekki látin gilda afturvirk í þeim tilvikum þar sem þau kunna að leiða til íþyngjandi niðurstöðu. Meirihlutinn hefur í því sambandi sérstaklega í huga afnám frestunarheimilda þeirra rekstraraðila sem ekki fá notið frádráttarbærni söluhagnaðar en einnig það hvernig haga skuli meðferð áður frestaðs söluhagnaðar.“

4. Á þessum tíma var meginstarfsemi hlutaðeigandi lögaðila að fjárfesta í flugrekstri og ferðapjónustu. Þannig voru hlutabréf í erlendum flugfélögum uppistaðan í þeim fjárfestingum sem leiddu til

söluhagnaðarins sem frestað var. Ríkisskattstjóri taldi ekki miðað við fyrirbyggjandi skattframkvæmd að neinar forsendur væru til að hafna frestun söluhagnaðar enda hefði þá orðið alvarleg mismun- un á milli aðila í sambærilegri stöðu. Niðurstaða ríkisskattstjóra var sú að hluteigandi skattaðili hafði í meginatriðum keypt hlutabréf í sambærilegum rekstri og hann starfaði sjálfur í og því væri um að ræða fjárfestingu þess aðila. Átti hann þá rétt á þeim frestunarheimildum sem ákvæði skattalaga gerðu ráð fyrir. Bindandi álit frá 20. des. 2000 sem vísað er til í grein Jóns Steinars hefur ekki fordæmisgildi í þessu máli, m.a. í ljósi þess að þar var verið að fjalla um viðskipti fjármálastofnunar og flutning fjármuna af veltubók yfir á fjárfestingabók og hvort skattskyldu leiddi af slíkri tilfærslu. Um það er ekki deilt í máli þess lögaðila sem hér er til umfjöllunar.

5. Með vísan til framanritaðs var það niðurstaða ríkisskattstjóra í þessum hluta málsins að ann- markar hefðu verið á framhaldsrannsókn skattrann- sóknarstjóra, og að hvorki væru lagalegar né efnis- legar forsendur fyrir endurákvörðun. Þar með hefðu aðgerðir skattrannsóknarstjóra hvað þennan hluta málsins varðar ekki gefið tilefni til endurákvörðunar opinberra gjalda, sbr. 6. mgr. 103. gr. tekjuskattslaga.

Í grein Jóns Steinars gefur hann til kynna að ómál- efnaleg sjónarmið ráði aðgerðum ríkisskattstjóra í máli þessu. Það er ekki rétt, svo sem að framan hefur verið rakið. Það er einnig ástæða til að taka fram að samkvæmt tekjuskattslögum ber ríkisskattstjóra að

úrskurða samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og á grundvelli gildandi réttar. Þar skipta beinar lögskýringar meginmáli og ótækt er að úrskurðað sé framteljanda í óhag í þeim tilgangi einum að láta reyna á álitamál sem ríkisskattstjóri telur að sé ekki samkvæmt lögum. Slíkt væri í beinni andstöðu við allar grundvallarreglur stjórnsýsluréttarins, svo sem meðalhófsregluna og þá meginreglu sem gildir í opinberu réttarfari en gæti alveg eins gilt í skattarétti, in dubio pro reo, sem hefur löngum verið talið að stæði öðrum reglum réttarfarsins framar.

Í þágu jafnræðis
Morgunblaðið, 7. febrúar 2013

Jón Steinar Gunnlaugsson:
Í þágu jafnræðis

Raunar vissu allir sem fylgdust með viðskiptalífinu á Íslandi á þessum árum að Stoðir hf. störfuðu ekki við flugrekstur og ferðaþjónustu, heldur var starfsemi félagsins fólgin í að kaupa og selja hlutabréf og hagnast á því.

Ríkisskattstjóri svaraði hér í blaðinu í gær grein minni frá deginum áður „Valdi beitt án röksemda“. Gefur hann svargrein sinni heitið „Rökstudd og málefnaleg ákvörðun ríkisskattstjóra“. Ég hygg að grein hans sé það fyrsta sem hann lætur frá sér fara og unnt er að nefna röksemdir fyrir ákvörðun hans um að leyfa Stoðum hf. að fresta söluhagnaði af hlutabréfum árið 2006 að fjárhæð um 50 milljarðar króna með þeim áhrifum að á fyrirtækið var ekki lagður tekjuskattur þetta ár þrátt fyrir 44,6 milljarða króna hagnað af rekstri. Hann hefði auðvitað átt að birta röksemdir sínar í úrskurðinum 16. júní 2011, þegar hann lagði viðbótarskatta á fyrirtækið á grundvelli skýrslu skattrannsóknarstjóra, í stað þess að láta þá við það sitja að skrifa: „Að svo stöddu telur ríkisskattstjóri ekki tilefni til að gera breytingar

á skattskilum gjaldanda hvað þetta atriði varðar.“ Þrátt fyrir þetta ber að þakka fyrir hinar síðbúnu röksemdir.

Það var klókt hjá ríkisskattstjóra að sleppa úr svari sínu þeirri skýringu, sem hann hafði gefið í ríkisútvarpinu 5. febrúar, að nauðasamningur Stóða hf. (frá í maí 2009) hefði skipt máli þegar hann tók ákvörðun sína síðla árs 2012. Það væri ekki gott ef ríkisskattstjórinn hefði látið samninginn hafa áhrif á ákvörðun sína. En þar sem fyrstu svör hans voru um þetta stendur eftir vafi um hvort þetta hafi skipt máli þegar hann ákvað að leggja skattinn ekki á.

Í flugrekstri og ferðapjónustu?

Í svari ríkisskattstjóra í Morgunblaðinu er að finna skýringar á gjörðum hans sem ekki fá staðist. Þar skiptir mestu máli að hann telur frestunarheimildina hafa átt við um Stóðir hf. þar sem „uppistaðan í þeim fjárfestingum sem leiddu til söluhagnaðarins sem frestað var“ hafi verið fjárfestingar í flugrekstri og ferðapjónustu. Þetta væri sambærilegur rekstur og fyrirtækið starfaði sjálft í og því væri um að ræða fjárfestingu aðilans og frestun heimil.

Þetta er í fullkominni andstöðu við skýrslu skattrannsóknarstjóra sem taldi þetta fyrirtæki hafa á þessum tíma haft að meginmarkmiði að kaupa og selja hlutabréf. Byggðist þetta meðal annars á svörum allra forsvarsmanna fyrirtækisins sjálfs við skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra. Það er eins og ríkisskattstjóri vilji snúa þessu á haus. Raunar vissu allir sem fylgdust með viðskiptalífinu á Íslandi á þessum árum að Stóðir hf. störfuðu ekki við

flugrekstur og ferðapjónustu, heldur var starfsemi félagsins fólgin í að kaupa og selja hlutabréf og hagnast á því. Kannski væri ráð fyrir ríkisskattstjóra að líta á ársskýrslu Stóða hf. fyrir 2006, sem finna má á heimasíðu Kauphallarinnar, og skoða þar listann yfir félögin sem Stóðir hf. keyptu og seldu hlutabréf í það ár.

Að því gefnu að fyrirtækið hafi starfað á því sviði sem forsvarsmenn þess töldu sjálfir, var enginn munur á stöðu þess gagnvart frestunarheimildinni og þess fyrirtækis sem um var fjallað í bindandi álitu ríkisskattstjóra frá árinu 2000 og skattrannsóknarstjóri vísaði til er hann taldi frestunarheimildina ekki gilda fyrir Stóðir hf. Hið sama hafði reyndar komið fram í bréfi ríkisskattstjóra sjálfs 13. júlí 2007 til Ernst & Young hf.

Stafað fram

Svo er að sjá sem ríkisskattstjóri hafi ekki skilið vel athugasemdir mínar við stjórnsýslu hans sem birtust í greininni 5. febrúar. Nú skal reynt að stafa þær fram og þá einnig í ljósi svara hans í gær.

1. Embætti hans hafði gefið út úrskurð og veitt skattadílum svör um að fyrirtæki í sambærilegum rekstri og Stóðir hf. mættu ekki nota heimildina til frestunar á söluhagnaði.
2. Við því er að búast að þeir sem höfðu fengið þessi svör, eða vissu af þeim, hafi ekki í skattframtölum sínum nýtt heimildina af þeirri einföldu ástæðu að þeir vildu haga skattskilum sínum lögnum samkvæmt.

3. Samt féllst ríkisskattstjóri á að Stoðir hf. mættu nýta heimildina.
4. Í þessu er fólgin mismunun á milli gjaldenda.
5. Ríkisskattstjóri hefði átt að beita sömu reglu á Stoðir hf. og hann hafði talið gilda um aðra sam-
bærilega aðila. Það var nauðsynlegt í þágu jafn-
ræðis. Þá hefði fyrirtækið getað gætt hagsmuna
sinna og látið dómstóla dæma um réttmæti
frestunarinnar.
6. Ríkisskattstjóri tók ákvörðun sína án rökstuðn-
ings. Fyrst hann taldi að fyrirtækið hefði mátt
fresta átti hann að staðfesta framtal þess að því
er þetta snerti í úrskurðinum 16. júní 2011 og
birta þar forsendur sínar. Þá hefðu menn getað
vegið og metið forsendurnar og þá meðal annars
gjaldendur sem ekki höfðu talið sér heimilt að
nýta heimildina. Af hverju gerði hann það ekki?
7. Í grein hans í gær kemur fram rökstuðningur. Í
ljós kemur að rökstuðningurinn er efnislega afar
veikur svo ekki sé meira sagt.

Hvað sem því líður hefði hann átt að standa
þannig að málum að dómstólar skæru úr um efni
umræddrar heimildar.

Ekki vera heiðarlegur—því þá verður þú rekinn á kostnað okkar hinna

Morgunblaðið, 31. október 2014



Jón Steinar Gunnlaugsson
Fyrirverandi dómari við
Hæstarétt Íslands

Jón Steinar Gunnlaugsson:

**Ekki vera heiðarlegur—því þá verður þú
rekinn á kostnað okkar hinna**

Öllum er síðan sama þó að ríkissjóður þurfi að þunga út milljónum í skaðabætur vegna réttarbrota þess sem þannig hefur farið fram við stjórnsýslu sína.

Fimmtudaginn 23. október sl. var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í bótamáli sem Þorsteinn Haraldsson, löggiltur endurskoðandi, höfðaði á hendur íslenska ríkinu vegna ólögmætrar brottvikningar úr starfi haustið 2012. Var stefndi dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur, 6,5 milljónir króna auk dráttarvaxta og málskostnaðar fyrir báðum dómstigum. Líklega nemur greiðsla ríkisins til Þorsteins við uppgjör á dóminum 9–10 milljónum króna í heild.

Um aðdragandann að þessari uppsögn var meðal annars fjallað í Morgunblaðinu 5. og 6. febrúar 2013. Svo stóð á að skattrannsóknarstjóri ríkisins hafði á árinu 2008 tekið til rannsóknar skattskil fyrirtækisins Stodir hf. (áður FL Group hf.), meðal annars vegna ætlaðrar vangreiðslu tekjuskatts frá rekstrarárinu 2006. Hafði fyrirtækið í skattskilum sínum 2007 talið

sér heimilt að fresta skattskilum af söluhagnaði hlutabréfaviðskipta að fjárhæð um 50 milljarðar króna. Lá fyrir að söluhagnaður þessi hefði leitt til um 13 milljarða króna skattgreiðslu félagsins, sem aldrei átti sér stað vegna síðari lagabreytinga. Taldi skattrannsóknarstjóri að leggja hefði átt viðbótarskattinn á enda væri það í samræmi við þá túlkun skattalaga sem ríkisskattstjóri hefði beitt í eldri úrskurði og aðrir gjaldendur því talið sér skylt að fara eftir.

Svo fór að ríkisskattstjóri ákvað að fella málið niður og sleppa þessum gjaldanda þar með við greiðslu skattsins, sem eins og áður sagði nam um 13 milljörðum króna. Engar skýringar fylgdu þessari ákvörðun þegar hún var tekin. Eftir að málið kom til umræðu í Morgunblaðinu birti hann skýringar á ákvörðun sinni, sjá Mbl. 6. febrúar 2013. Þær skýringar voru að mestu óskiljanlegar.

Þorsteinn endurskoðandi var starfsmaður skattrannsóknarstjóra á þeim tíma sem þessi skattrannsókn stóð yfir og hafði meðal annars unnið við hana. Hann fylgdist því með þeim ákvörðunum sem teknar voru á grundvelli rannsóknarinnar og taldi að hér hefði verið tekin ákvörðun sem væri andstæð lögum og fæli í sér grófa mismunun milli gjaldenda. Að auki yrði ríkissjóður af háum skatttekjum vegna afgreiðslu málsins. Lá fyrir að eðlileg afgreiðsla hjá ríkisskattstjóra hefði verið að leggja gjöldin á og síðan hefði gjaldandinn getað varist kröfunni fyrir dómi ef hann taldi álagninguna ranga. Eftir að hafa meðal annars leitað ráða hjá einum af nefndarmönnum í rannsóknarnefnd Alþingis um viðbrögð við því að


verða sem starfsmaður vitni að slíkri misnotkun valds til skattálagningar, ákvað Þorsteinn að senda orðsendingu um málið til fjármálaráðherra sem fer með eftirlit með meðferð ríkisskattstjóra á valdi sínu. Ráðherra sá ekki ástæðu til að bregðast neitt við þessu. Hins vegar leiddi þetta til þess að Þorsteinn fékk frá yfirmönnum sínum tilkynningu um að til stæði að áminna hann fyrir brot í starfi vegna bréfsins, en slík áminning er samkvæmt lögum undanfari brottvikningar.

Eftir að Þorsteinn hafði skriflega mótmælt fyrir hugaðri áminningu og fært fram rök fyrir máli sínu, var honum tilkynnt að fallið hefði verið frá áminningunni. Mánudí síðar var honum svo sagt upp störfum og núna með vísan til þriggja mánaða uppsagnarfrests í ráðningarsamningi. Ekki fer mikið á milli mála hver raunveruleg ástæða uppsagnarinnar var.

Núna liggur fyrir að yfirmenn Þorsteins Haraldssonar bökuðu ríkissjóði bótaskyldu með því að reka hann. Hann var í reynd rekinn fyrir að vera heiðarlegur. Ríkisskattstjórinn sem ákvað hins vegar með einu pennastriki að sleppa álagningu tekjuskatts sem um munaði situr áfram í embætti og rær í gráðið. Enginn veit ástæðuna fyrir því að maðurinn tók ákvörðun sína. Og enginn mun fá að vita hana, því á Íslandi komast menn einatt upp með misnotkun opinbers valds síns ef misnotkunin er nógu stórfelld og unnt reynist að skýra hana með orðum sem enginn skilur.

Öllum er síðan sama þó að ríkissjóður þurfi að punga út milljónum í skaðabætur vegna réttarbrota

Þess sem þannig hefur farið fram við stjórnsýslu
sína. Kannski ættum við að hrópa saman „húrra“
fyrir þessum ódæmum? Líklega ættum við samt að
hafa það bara tvöfalt að þessu sinni!



**Eftir hrun og nauðasamninga hélt
fyrirtækið Stoðir hf. áfram rekstri.**

**Á hæpnum forsendum voru
skattar felldir niður af
50 milljarða söluhagnaði.**

**Undanfarin ár hafa Stoðir hf.
greitt hluthöfum sínum
37 milljarða króna arð.**



9 781870 108157

